



Félag löggiltra  
endurskoðenda

Reykjavík 7. febrúar 2013  
Tilvísun FLE 6-2013

**Nefndasvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**  
**b/t Sigrúnu Helgu Sigurjónsdóttur**

**Málefni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr 79/2008 um endurskoðendur, 503 mál.**

Með tölvupósti dags. 28. janúar s.l. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til Álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri:

**Athugasemdir við 2. Grein frumvarpsins:**

a. Tillaga Álitsnefndar er að 2. mgr. 7. greinar orðist svo:  
*„Endurmenntunin skal að lágmarki svara til 20 klukkustunda á ári og samtals 120 klukkustunda á hverju þriggja ára endurmenntunartímabili. Endurmenntunartímabil skal vera það sama fyrir alla endurskoðendur. Endurmenntunartímabil endurskoðanda sem fær löggildingu í fyrsta sinn hefst 1. janúar árið eftir að löggildingu er veitt og skal viðkomandi sækja endurmenntun í hlutfalli við þann tíma sem þá er eftir af viðkomandi endurmenntunartímabili.“*

**Rökstuðningur:** Í frumvarpinu eins og það liggur fyrir er ekki nægilega skýrt hvernig telja skuli endurmenntun nýrra endurskoðenda og er hér því lagt til að tekið sé skýrt á því í lagatextanum sjálfum en ekki aðeins í athugasemdum með frumvarpinu.

b. Tillaga Álitsnefndar er að 3. mgr. 7. greinar orðist svo:  
*„Endurmenntun skv. 1. málsgrein skal á hverju endurmenntunartímabili ná a.m.k. til eftirtalinna sviða:*

- a. Endurskoðun.
- b. Reikningskil og fjármál.
- c. Skatta- og félagaréttur.
- d. Siðareglur og fagleg gildi.

**Rökstuðningur:** Ekki er talin ástæða að binda í lögum lágmark endurmenntunar á hverju sviði enda eru nú þegar kveðið á um það í reglugerð 30/2011 um endurmenntun endurskoðenda. Betur fer á því að hafa slíkt í reglugerð sem auðveldar jafnframt breytingar á þeim

lágmarkskröfum í framtíðinni t.d. ef gera á ítarlegri kröfur til tiltekinna hópa eða ef alþjóðlegar reglur breytast.

c. Álitsnefndin gerir jafnfram tillögu um eftirfarandi breytingu á 4. mgr. 7. greinar laganna:

Í lok þeirrar málsgreinar þar sem segir: „á hverju þriggja ára tímabili.“, standi : „ á hverju endurmenntunartímabili.“

#### **Athugasemdir við 7. grein frumvarpsins:**

Til viðbótar þeim fimm nýju málsgreinum sem frumvarpið gerir ráð fyrir að bætist við 17. grein laganna komi eftirfarandi málsgrein:

*„Endurskoðandi getur skotið ákvörðun endurskoðendaráðs um að veita honum áminningu og um greiðslu málskostnaðar til ráðherra.*

*Endurskoðandi getur einnig skotið til ráðherra ákvörðun endurskoðendaráðs um tímabundna sviptingu á löggildingu, auk ákvörðunar um málskostnað. Þrátt fyrir það helst tímabundin svipting löggildingar meðan málið er til meðferðar hjá ráðherra.“*

**Rökstuðningur:** Mikillar óánægju hefur gætt meðal endurskoðenda að ekki sé kveðið á um málskotsrétt vegna ákvarðana endurskoðendaráðs. Í athugasemdum með frumvarpinu við 7. grein er vísað til laga 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa. Í 23. grein þeirra laga er jafnframt fjallað um málskotsrétt og telur Álitsnefndin nauðsynlegt að hann sé jafnframt til staðar í lögum um endurskoðendur hvað varðar áminningar og tímabundna sviptingu.

#### **Athugasemdir við 10. grein frumvarpsins:**

Í síðasta málslið segir:

„Heimilt er að leggja gjald á endurskoðendur...

Lagt er til að standi:

„Heimilt er að leggja **sérstakt** gjald á endurskoðendur ...“

**Rökstuðningur:** Svo samræmi sé á milli þess sem kemur fram í 4. grein og 10. grein frumvarpsins, en í 4. grein er talað um sérstakt gjald.


#### **Athugasemdir við 11. grein frumvarpsins:**

Í 3. tl. segir: að tillögu endurskoðendaráðs, sbr. 25. grein.

Skýrara að segja: að tillögu endurskoðendaráðs, sbr. **3. mgr.** 25. greinar.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags löggiltra endurskoðenda



Sigurður B. Arnþórsson  
Frankvæmdastjóri FLE